

Frjálssar

Frjálssíþróttakona Breiðabliks árið 2024 er: Birna Kristín Kristjánsdóttir

Birna Kristín er einn besti langstökkvari sem sést hefur í langan tíma á Íslandi. Það sem stendur upp á árinu hjá henni er frækilegur sigur hennar á Smáþjóðaleikunum á Gíbraltar. Þar stökk hún 6,46 metra sem er næst lengsta stökk Íslendinga frá upphafi og stórbæting á Íslandsmetinu U23 ára, en Birna átti raunar mörg stökk yfir gamla metinu á árinu. Auk þess tók hún þátt í mörgum sterkum alþjóðlegum mótum og samanburðurinn við þær bestu í heiminum í dag lofa virkilega góðu. Næsta markmið er að bæta Íslandsmetið í langstökki sem er 6.52 m. Birna Kristín býr nú hluta af árinu á Ítalíu þar sem hún æfir undir leiðsögn reynsluboltans Andrea Umberti, en hann hefur þjálfað marga heimsklassa íþróttamenn og konur. Birna er mikil fyrirmynd yngra íþróttafólks og er alltaf tilbúin að miðla af reynslu sinni og þekkingu.

Frjálssíþróttakarlfreiðabliks árið 2024 er: Þorleifur Einar Leifsson

Þorleifur Einar er fjölbær og hratt vaxandi íþróttamaður. Undanfarið ár hefur hann lagt áherslu á Tugbraut og Sjöbraut innanhúss með góðum árangri, þar sem hann hefur meðal annars keppt á Norðurlandamóti U20 fyrir Íslands hönd og á hann meira að segja núverandi Íslandsmet í tugbraut U20 ára. Á árinu afrekaði Þorleifur að sigra langstökkskeppnina á Reykjavík International Games þegar hann stökk 7,09 metra. Á innanhústímabilinu varð hann svo Íslandsmeistari Karla í sjöbraut auk þess að tryggja sér Íslandsmeistaratitil í langstökki og grindarhlaupi. Þorleifur er framúrskarandi íþróttamaður og frábær liðsfélagi.

Hjólreiðar

Hjólreiðakona Breiðabliks árið 2024 er: Björg Hákonardóttir

Á árinu 2024 varð Björg bikarmeistari í ólympískum fjallahjólreiðum, í öðru sæti á Íslandsmóti í maraþonfjallahjólreiðum og í 3. sæti á Íslandsmóti í ólympískum fjallahjólreiðum. Þá varð Björg einnig í 1. sæti í Greflinum sem er 100km leið. Björg tók þátt í þremur gravelmótum hjá UCI í aldursflokki og náði m.a. tvisvar sinnum fjórða sæti.

Hjólreiðakarlfreiðabliks árið 2024 er: Ingvar Ómarsson

Ingvar átti frábært ár og náði að sigra 13 keppnir - þar af eina götuhjólakeppni á Spáni, La Titanica. Hann varð Íslandsmeistari í fjórum greinum sem eru tímataka, cyclocross, maraþon fjallahjólreiðar og raf-hjólreiðum (e-cycling). Ingvar náði 3. sæti í the Rift malarkeppninni sem er stærsta hjólamót sem er haldið á Íslandi með um 1000 keppendum og var hann fremstur af þeim Íslendingum sem tóku þátt. Ingvar tók þátt í fjórum erlendum stórmótum í malarhjóllreiðum en hann náði sínum allra besta árangri á The Traka 360 þar sem hann hafnaði í 11. sæti, en The Traka er ein stærsta malarhjóllakeppni Evrópu. Ingvar varð svo í 146. sæti af 251 keppanda á heimsmeistaramóti í malarhjóllreiðum.

Hlaupahópur

Hlaupakona Breiðabliks árið 2024 er: Þorgerður Tómasdóttir

Þorgerður hljóp 2345km á árinu en inni í því eru t.a.m. öll Powerade hlaup síðasta vetur. Þorgerður hefur einnig tekið þátt í mörgum utanvegahlaupum þar sem hún var oft ofarlega á blaði í sínum aldurshóp. Hún náði svo frábærum árangri með því að landa 3. sæti í sínum aldurshóp í 53 km Hengill

Ultra. Þrátt fyrir að vera góð í fjöllum tókst henni einnig að bæta persónuleg met í götuhlaupum á árinu:- *10 km*: 48:45- *1/2 maraþon*: 1:49:36 í Reykjavíkumaraþoninu- *Amsterdam maraþon*: 3:57:31

Hlaupakarl Breiðabliks árið 2024 er: Thijs Kreukels

Thijs hefur verið hraðasti hlauparinn okkar undanfarin ár og heldur áfram að bæta sig með hverju árinu. Hann hefur náð persónulegum metum í öllum vegalengdum á þessu ári:- *10 km*: 36:27- *1/2 maraþon*: 1:18 í Reykjavíkumaraþoninu- *Boston maraþon*: 2:57. Ekki nóg með það heldur tók Thijs einnig þátt í Bakgarðinum og kláraði sitt lengsta hlaup til þessa með því að hlaupa 17 hringi, sem jafngildir 113,9 km!

Karate

Karatekona Breiðabliks árið 2024 er: Una Borg Garðarsdóttir

Una Borg er ákaflega öflug og flott íþróttakona. Hún hefur verið meðlimur í landsliði Ísland í karate í nokkur ár og unnið til verðlauna bæði hér heima og erlendis. Una varð Íslandsmeistari í Kata árið 2024 og lenti í 2.sæti á Norðurlandameistaramótinu sem haldið var hér á Íslandi þetta árið. Una fékk svo gull á Evrópumeistaramóti Smáþjóða í U21 í Kata. Einnig fékk Una gull á Reykjavíkuleikunum 2024 í Kata Junior Female og brons á sömu leikum í Kata Senior flokki.

Karatekarl Breiðabliks árið 2024 er: Tómas Aron Gíslason

Tómas Aron er frábær íþróttamaður og mikil fyrirmynd fyrir yngri iðkendur. Hann varð Íslandsmeistari í hópkata árið 2024 ásamt því að lenda í 3. sæti í einstaklings Kata á sama móti. Tómas tekur vel á móti öllum verkefnum sem hann fær og vinnur þau með gríðarlegri hörku og dugnaði. Frá því hann var lítill hefur hann skarað fram úr í mætingu og hugarfari á æfingum. Tómas hefur náð frábærum árangri sem keppnismaður bæði erlendis og hérna heima.

Knattspyrna

Knattspyrnukona Breiðabliks árið 2024 er: Ásta Eir Árnadóttir

Ásta Eir fór fyrir meistaraflokki kvenna eins og sönnum fyrirliða sæmir þegar stelpurnar urðu Íslandsmeistarar í haust eftir hreinan úrslitaleik við Val á Hlíðarenda. Hún fór úr því að vera einn besti hægri bakvörður deildarinnar í það að vera besti miðvörður deildarinnar. Ásta var frábær í allt sumar og valin í lið ársins í Bestu deildinni. Frábær endir á frábærum ferli en Ásta lagði skóna á hilluna eftir úrslitaleikinn.

Knattspyrnukarl Breiðabliks árið 2024 er: Höskuldur Gunnlaugsson

Höskuldur fór einnig fyrir meistaraflokki karla eins og sönnum fyrirliða sæmir þegar strákarnir urðu Íslandsmeistarar í haust eftir stórkostlegan sigur á Víking í hreinum úrslitaleik. Þar að auki var hann valinn besti leikmaður Íslandsmótsins af leikmönnum Bestu deildar karla ásamt flestum fjölmiðlum og álitsgjöfum.

Kraftlyftingar

Kraftlyftingarkona Breiðabliks árið 2024 er: Sóley Margrét Jónsdóttir

Kraftlyftingakonan Sóley Margrét Jónsdóttir sýndi það á árinu að hún er einn fremsti íþróttamaður Íslands. Ekki nóg með að henni hafi tekist að verja Evrópumeistaratitil sinn í +84 kg flokki heldur tókst henni fyrst íslenskra kvenna að verða heimsmeistari í kraftlyftingum með yfirburðarsigri á heimavelli.

Á Evrópumeistaramótinu í kraftlyftingum, sem fram fór í Lúxemborg í maí, sigraði Sóley í +84 kg fl. eftir harða baráttu með 677,5 kg í samanlögðum árangri, sem er jafnframt bæting á hennar eigin Íslandsmeti. Hún tók silfur í hnébeygju með 280 kg, tók svo gull í bekkpressu á nýju Íslandsmeti með 192,5 kg og tók svo annað silfur í réttstöðulyftu með 205 kg.

Sóleyju tókst svo það merka afrek á Heimsmeistaramótinu í kraftlyftingum, sem haldið var í Njarðvík í nóvember, að verða heimsmeistari í kraftlyftingum fyrst kvenna. Hún sigraði með yfirburðum í +84 kg fl. á nýju heimsmeti unglunga (U23) í samanlögðum árangri með 710 kg. Hún tók gull í hnébeygju með 282,5 kg, tók svo silfur í bekkpressu og einnig í réttstöðulyftu. Þess ber að geta að hún lyfti 200 kg í bekkpressu og 227,5 kg í réttstöðulyftu, en það var jafn þungt og hjá þeim sem sótti gullið.

Þá bætti Sóley einnig Íslandsmetin í öllum greinum, bæði í unglunga- og opnum flokki. Með þessum glæsilega sigri náði hún svo að gulltryggja sér keppnisrétt á Heimsleikunum, sem fara fram í Chengdu í Kína 2025.

Ásamt því að Sóley hafi sýnt öllum að hún er afreksíþróttamaður í heimsklassa þá hefur hún einnig verið mikil fyrirmynd kraftlyftingafólks „utan palls“ og tekið virkan þátt í uppbyggingarstarfi íþróttarinnar. Þess ber einnig að geta að núna í lok árs var Sóley valin Kraftlyftingarkona ársins hjá Kraftlyftingarsambandinu og á laugardaginn varð hún svo í öðru sæti yfir Íþróttamann ársins yfir landið allt sem valið er af íslenskum íþróttafréttafólki.

Kraftlyftingarkarl Breiðabliks árið 2024 er: Alexander Örn Kárason

Alexander Örn Kárason náði glæsilegum árangri á liðnu ári, bæði hér heima og á tveimur alþjóðamótum. Eftir árið stendur hann uppi sem stigahæsti karlkeppandi ársins í klassískum kraftlyftingum með 102,41 GL-stig.

Á Evrópumeistaramótinu í klassískum kraftlyftingum í mars varð hann í 5. sæti í fjölmönnum og sterkum 93 kg fl. Þar sem hann lyfti samanlagt 780 kg, sem var bæting á hans eigin Íslandsmeti. Í hnébeygju bætti hann Íslandsmetið með því að lyfta 280 kg, þá lyfti hann 187,5 kg í bekkpressu og bætti svo loks Íslandsmetið í réttstöðulyftu með 312,5 kg.

Alexander náði svo 19. sæti í fjölmönnum 93 kg fl. á Heimsmeistaramótinu í klassískum kraftlyftingum í júní. Þar lyfti hann samanlagt í greinunum þremur 755 kg. Í hnébeygju lyfti hann 275 kg, þá bætti hann eigið Íslandsmet í bekkpressu með 197,5 kg og loks í réttstöðulyftu náði hann 315 kg.

Á Íslandsmeistaramótinu í klassískum kraftlyftingum í október hafnaði Alexander í 2. sæti í 105 kg fl. en þar keppti hann mjög léttur og árangur hans dugði honum til að verða stigahæstur allra keppenda þvert á þyngdarflokka. Hann lyfti samanlagt 803,5 kg. Hann lyfti 287,5 kg í hnébeygju, í bekkpressu bætti hann svo Íslandsmetið í flokknum með 203,5 kg og að lokum lyfti hann 312,5 kg í réttstöðulyftu.

Alexander hefur sýnt að hann er gríðarsterkur keppandi og frábær fyrirmynd upp á palli sem utan hans. Núna í lok árs var Alexander svo valinn Kraftlyftingarkarl ársins hjá Kraftlyftingarsambandinu.

Körfubolti

Körfuknattleikskarl Breiðabliks árið 2024 er: Sölvi Ólason

Sölvi Ólason er 20 ára leikstjórnandi í meistaraflokki Breiðabliks þar sem hann hefur verið einn mikilvægasti leikmaður liðsins síðast liðin 2 ár. Hann var einnig í lykilhnutverki í U-20 landsliðinu sem varð Norðurlandameistari í sumar.

Skák

Skákkarl Breiðabliks árið 2024 er: Vignir Vatnar Stefánsson

Vignir Vatnar hélt stórsókn sinni áfram í skákheimum á árinu en hann var lang stigahæsti skákmaður landsins á árinu. Jafnframt var Vignir 1.borðs maður í Ólympíuliði Íslands í Ungverjalandi í ágúst og einnig 1.borðs maður í liði Breiðabliks á EM félagssliða í október þar sem félagið endaði í 22.sæti. Vignir varð svo líka í 2.sæti á Íslandsmótinu í skák í maí.

Sund

Sundkona Breiðabliks árið 2024 er: Freyja Birkisdóttir

Freyja hefur æft sund hjá Breiðablik frá því hún var í leiksskóla. Á þessum tíma hefur Freyja komið sér fyrir á fremstu línu sundhreyfingarinnar og keppt á fjölmörgum mótum fyrir landslið Íslands. Helsti árangur Freyju á árinu eru þrjár Íslandsmeistaratitlar í einstaklingsgreinum.

Á Íslandsmeistaramótinu í 50 metra laug í apríl sigaði hún 800 og 1500 metra skriðsund sem og tryggði sér tvo íslandsmeistara titla með boðsundsveit Breiðabliks.

Í nóvember endurtók hún leikinn og tryggði sér aftur íslandsmeistaratitil í 800 metra skriðsundi. Samtals vann hún til 8 verðlauna á Íslandsmeistaramótinu á árinu, einnig vann hún til 8 verðlaun í unglingsflokk (18 ára og yngri) þar voru fjórir Íslandsmeistaratitlar unglinga. Í heildina hefur hún náð sér í 16 verðlaun á Íslandsmeistaramótum yfir árið og þar af 9 gull. Á árinu hefur Freyja keppt fyrir Íslandshönd á Evrópumeistaramóti unglinga, Norðurlandameistaramóti unglinga sem og AP Race í London á móti mörgum af fremstu sundmönnum heims. Samhliða þessu keppti hún svo á Norðurlandameistaramóti fullorðna sem fram fór í desember og er hún svo á leið í tveggja vikna æfingarbúðir með afrekslandsliði í febrúar. Í gegnum árin hefur Freyja sýnt þrek og þolinmæði til að ná sínum markmiðum og verður spennandi að fylgjast með henni á komandi árum.

Sundkarl Breiðabliks árið 2024 er: Przemyslaw Pulawski

Sunddeild Breiðabliks heldur uppi starfi fyrir sundfólk á öllum aldri sem eru að keppa á mismunandi sviðum. Przemyslaw hefur keppt fyrir hönd Breiðabliks á Ice swimming World Championships og náði hann í alla þrennuna á því móti gull, silfur og brons. Þegar keppt er í Ice swimming er keppt í vötnum og er hitastigið í kringum 5 °C. Przemyslaw keppti einnig á garpa mótinu Nordic Open Masters Championship í Malmö sem er hugsað fyrir sundmenn 25 ára og eldri. Przemyslaw nældi sér þar í ein gullverðlaun í 200 metra baksundi og þrjú bronsverðlaun. Einnig keppti hann 3 vikum seinna á Íslandsmeistaramótinu í 25 metra laug og nældi sér í ein bronsverðlaun í 100 metra baksundi.

Þríþraut

Þríþrautarkona Breiðabliks árið 2024 er: Guðlaug Edda Hannesdóttir

Guðlaug var valin þríþrautarkona ársins 2024 af Þríþrautarsambandinu og er þetta 7. árið í röð sem hún hlýtur þann heiður. Stærsta afrek Guðlaugar á árinu var klárlega að vera fyrsti Íslendingurinn til þess að keppa í þríþraut á Ólympíuleikunum. Þess utan keppti Guðlaug út um víða veröld, komst á verðlaunapall á þremur mótum og sigraði meira að segja South-Asia Continental Cup sem fram fór í Nepal.

Þríþrautarkarl Breiðabliks árið 2024 er: Sigurður Örn Ragnarsson

Sigurður var valinn þríþrautarmaður ársins 2024 af Þríþrautarsambandinu og er þetta einnig 7. árið í röð sem hann hlýtur þann heiður. Sigurður sigraði öll innanlandsmót sem hann tók þátt í á árinu nokkuð örugglega og ber þar helst að nefna Íslandsmeistaratitil í Ólympískri þríþraut.

Deildarbikar Breiðabliks 2024 hlýtur: Knattspyrnudeildin

Það er óhætt að segja að árið 2024 hafi verið stórkostlegt ár hjá knattspyrnudeild Breiðabliks. Breiðablik varð Íslandsmeistarar, bæði í meistaraflokki kvenna og karla. Auk þess vann fjórði flokkur karla í A liðum bæði Íslands og bikarmeistaratitil, 4 flokkur karla B varð Íslandsmeistari, 5. flokkur stúlkna B varð Íslandsmeistari sem og 4 flokkur stúlkna B.

Á árinu voru þjálfarar meistaraflokka félagsins, Halldór Árnason og Nik Chamberlain báðir valdir þjálfarar ársins í Bestu deildinni, Höskuldur Gunnlaugsson var valinn besti leikmaður Bestu deildarinnar og Hrafnhildur Ása Halldórsdóttir var valin efnilegasti leikmaðurinn. Þá fengu markverðir Breiðabliks, þau Telma Ívarsdóttir og Anton Ari Einarsson gullhanskann fyrir að halda oftast hreinu í Bestu deildinni.

Að þessu ógleymsdu er starfið í deildinni ótrúlega öflugt. Iðkendur eru um 1.600 talsins og hápunktur starfsins er Síamótið sem er stærsta knattspyrnumót á Íslandi, þar sem þátttakendur eru um 3.000 og fjölmargir sjálfboðaliðar taka þátt í að búa til einstakan viðburð. Þá á félagið fjölmarga landsliðsmenn sem kepptu fyrir Íslands hönd.

Starf knattspyrnudeildar Breiðabliks hefur verið til fyrirmyndar um langa hríð bæði innan sem utan vallar og óhætt að segja að félagið sé leiðandi í íslenskri knattspyrnu.

Þjálfarabikar Breiðabliks 2024 hlýtur: Auðunn Jónsson í Kraftlyftingadeildinni

Auðunn á að baki farsælan og langan feril sem einn af okkar bestu kraftlyftinga- og íþróttamönnum. Hann keppti á sínu fyrsta móti árið 1986 og sínu síðasta 2015, og á þeim tíma slegið fjölda meta og verið tíður gestur á verðlaunapöllum á alþjóðamótum. Hann hefur lengi verið ein helsta driffjöður kraftlyftingaiþróttarinnar á Íslandi og var lykilmáður að baki bæði stofnun kraftlyftingadeildar innan Breiðabliks og stofnun Kraftlyftingasambands Íslands sem sérsambands innan ÍSÍ árið 2010. Frá stofnun kraftlyftingadeildarinnar hefur Auðunn verið ein helsta burðarstoð hennar, lengst af sem varaformaður, og leiðbeint og komið að þjálfun fjölda „kraftablika“. Frá því að keppnisferlinum lauk hefur hann verið öflugur í uppbyggingu afreksstarfs í kraftlyftingum, innan Breiðabliks og á landsvísu, og hefur frá árinu 2019 verið íþróttastjóri Kraftlyftingasambandsins. Hann hefur komið að þjálfun flest okkar besta kraftlyftingafólks, þar sem Blikar hafa verið áberandi, og verið yfirþjálfari í langflestum landsliðsverkefnum síðustu ára. Auðunn hefur eiginleika frábærs þjálfara; reyndur,

yfirvegaður, traustur, mikill þekkingarbrunnur þegar kemur að kraft- og styrktarþjálfun og ávallt reiðubúinn að miðla sinni persónulegu reynslu.

Afreksbikar Breiðabliks 2024 hlýtur: Meistaraflokkar í knattspyrnu (bæði karla og kvenna)

Bæði meistaraflokksliðin urðu Íslandsmeistarar í haust eftir æsispennandi úrslitaleiki á útivelli okkar helstu andstæðinga hvoru megin. Ekki nóg með þá er þetta í fyrsta sinn sem báðir Bestu Deildar skildirnir eru hjá sama félaginu í einu og var þetta jafnframt í fyrsta sinn sem spilaðir eru hreinir úrslitaleikir í þessu keppnisfyrirkomulagi. Segja má líka að bæði lið hafi sigrast á ýmsum skakkaföllum sem áttu sér stað yfir tímabilið – leikmenn duttu út, vonbrigðar töp áttu sér stað í öðrum keppnum og liðin þurfti bæði lengi vel að elta annað lið sem var ofar í töflunni. En allt það mótlæti virðist einungis hafa styrkt þessi frábæru lið okkar. Til hamingju bæði tvö.

Félagsmálabikar Breiðabliks 2024 hlýtur: Sigbór Samúelsson í Karatedeildinni

Við viljum heiðra Sigbór Samúelsson fyrir óeigingjarnt framlag sitt sem ötull sjálfboðaliði karatedeildar Breiðabliks. Sigbór hefur verið formaður karatedeildarinnar frá árinu 2017 og verið í stjórnarmaður nokkur ár þar á undan. Sigbór hefur lagt mikið á sig til að byggja upp og styrkja karatedeildina í gegnum tíðina. Sigbór hefur þar að auki verið í stjórn Karatesamband Íslands í nokkur ár fyrir hönd karatedeildar Breiðabliks. Hann hefur verið ómissandi stuðningur fyrir iðkendur og aðstandendur þeirra og hefur stuðlað að því að skapa umhverfi þar sem allir eru velkomnir og hvattir til að vaxa og dafna. Sigbór hefur verið fararstjóri í ferðum erlendis bæði á keppnisferðir sem og æfingabúðir. Þessi ástríða og trú á gildi sjálfboðavinnu og samfélagsuppbyggingar hefur gert Sigbór að ómetanlegum liðsmanni deildarinnar. Við viljum þakka Sigbóri fyrir hans óeigingjarna vinnu, heilindi og ástríðu sem hann hefur lagt í starfið í gegnum árin. Með sinni ótrúlegu orku og eldmóð hefur hann haft djúpstæð áhrif á samfélagið innan Breiðabliks og við erum óendanlega þakklát fyrir allt sem hann hefur gert. Takk, Sigbór, fyrir allt sem þú hefur gert fyrir deildina og félagsmenn okkar.